

## Ályktun aðalfundar lækna ráðs Landspítalans haldinn 24. maí 2019 um skipurit spítalans

Tilkynnt hefur verið um fyrirhugaða grundvallarbreytingu á skipuriti Landspítala. Lækna ráð Landspítala fagnar því að skipurit spítalans verði endurskoðað með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

Lækna ráð minnir á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu frá 2007 ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits lækna ráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða læknisþjónustu. Endurskoðun á skipuriti spítalans mun óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á stjórn og skipulag læknisþjónustu. Mikilvægt er að lækna séu hafðir með í ráðum strax í upphafi til þess að tryggja að lækningum sé hagað og stjórnað á farsælan hátt og þjónusta við sjúklinga sé tryggð. Aðeins með aðkomu sérmenntaðra lækna er unnt að tryggja að skipulag læknisþjónustu spítalans sé með hliðsjón af bestu þekkingu í hverri sérgrein fyrir sig.

Lækna ráð telur að forstjóra beri að vinna náið með stjórn lækna ráðs við endurskoðun skipurits Landspítala þannig að fagleg sjónarmið verði tryggð við stjórnun sjúkrahússins.